

**Styrktarsjóður Sigtryggs
Sigurðssonar glímukappa**

Ársreikningur 2018

Styrktarsjóður Sigtryggs Sigurðssonar glímukappa
Kt. 560216-1300
Kletthálsi 5
110 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðanda	4	Sjóðstreymi	7
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	8

Skýrsla stjórnar

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sigtryggs Sigurðssonar glímukappa og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur. Tilgangur sjóðsins er að vera skáklífinu á Íslandi til styrktar. Styrki skal veita úr sjóðnum til verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til. Sjóðurinn skal þannig t.a.m. styrkja efnilega, unga skákmenn og greiða fyrir þjálfun þeirra og stuðla að skákkennslu á Íslandi. Einnig skal hann stuðla að heimsóknnum erlendra skákmanna og standa fyrir eða styrkja skákmót sem kunna að verða haldin.

Afkoma ársins 2018 var jákvæð um 2,4 millj. kr. Í lok árs 2018 var eigið fé sjóðsins 93,8 millj. kr. Enginn starfsmaður vann hjá sjóðnum á árinu og þáði stjórn ekki laun fyrir störf sín. Allar fjáreignir sjóðsins eru í stýringu hjá Íslandsbanka.

Það er álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 2018, fjárhagslegri þróun á árinu og efnahag hans við árslok. Stjórn sjóðsins staðfestir hér með ársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík,

25.6.29

Stjórn:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Styrktarsjóðs Sigtryggs Sigurðssonar glímukappa

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Styrktarsjóðs Sigtryggs Sigurðssonar glímukappa (sjóðsins) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2018 og afkomu og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 25.06.2024

KA Endurskoðun sf.



Styrktarsjóður Sigtryggs glímukappa

Ársreikningur 2018

Rekstrarreikningur ársins 2018

Tekjur:		2018	2017
Framlög til sjóðsins		0	3.303.789
Tekjur af fjárfestingum		4.479.071	1.421.677
	2	<u>4.479.071</u>	<u>4.725.466</u>
 Rekstrargjöld:			
Fjármagnstekjuskattur	5	806.330	563.024
Viðskiptabóknanir, vörslugjöld og eignastýringarþóknanir	2	1.226.249	1.394.808
		<u>2.032.579</u>	<u>1.957.832</u>
 Rekstrarafgangur ársins	4	<u>2.446.492</u>	<u>2.767.634</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir:	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Verðbréf	3	30.857.786	81.365.492
Handbært fé	2	62.970.495	10.128.142
		<u>93.828.281</u>	<u>91.493.634</u>
Eignir samtals		<u>93.828.281</u>	<u>91.493.634</u>

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé:

Stofnfé		75.000.000	75.000.000
Uppsafnaður hagnaður		18.781.643	16.335.151
	4	<u>93.781.643</u>	<u>91.335.151</u>

Skammtímaskuldir:

Áfallnar þóknanir og vörslugjöld		46.638	158.483
		<u>46.638</u>	<u>158.483</u>

Skuldir og eigið fé samtals		<u>93.828.281</u>	<u>91.493.634</u>
------------------------------------	--	-------------------	-------------------

Yfirlit um sjóðstreymi 2018

	2018	2017
Framlag rekstrar af handbæru fé:		
Móttekin framlög umfram stofnfé	0	3.303.789
Keypt verðbréf	(78.713.255)	(123.629.348)
Seld verðbréf	133.859.412	124.435.602
Greiddur skattur	(806.330)	(613.615)
Greiddur rekstrarkostnaður	(1.338.094)	(1.376.192)
Handbært fé frá rekstri	<u>53.001.733</u>	<u>2.120.237</u>
Breyting handbærs fjár á árinu	53.001.733	2.120.237
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(159.380)	(131.834)
Handbært fé í ársbyrjun	10.128.142	8.139.739
Handbært fé í árslok	2 <u>62.970.495</u>	<u>10.128.142</u>

Skýringar

Starfsemi

1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sigtryggs Sigurðssonar glímukappa og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur. Tilgangur sjóðsins er að vera skáklífinu á Íslandi til styrktar. Styrki skal veita úr sjóðnum til verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til. Sjóðurinn skal þannig t.a.m. styrkja efnilega, unga skákmenn og greiða fyrir þjálfun þeirra og stuðla að skákkennslu á Íslandi. Einnig skal hann stuðla að heimsóknnum erlendra skákmanna og standa fyrir eða styrkja skákmót sem kunna að verða haldin.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á reglum um kostnaðarverð utan þess að verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði og gangvirðisbreytingar færðar gegnum rekstrarreikning.

Stofnfé sjóðsins er 75.000.000 samkvæmt stofnskrá hans.

Gjöld eru færð í rekstrarreikning þegar til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Eignir og skuldir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi Seðlabanka Íslands. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð miðað við gengi Seðlabanka Íslands á viðskiptadegi.

Handbært fé samanstendur af seðlum, lausafjár sjóðum og bankainnstæðum sem ekki eru bundnar til lengri tíma en þriggja mánaða.

Verðbréf

3. Verðbréfaeign sjóðsins er í stýringu hjá Íslandsbanka frá nóvember 2018 en áður sá Arctica Finance um eignastýringuna. Verðbréf greinast þannig í árslok:

	31.12.2018	31.12.2017
Ríkisskuldabréf í íslenskum krónum	15.563.271	42.430.032
Önnur skuldabréf í íslenskum krónum	0	14.995.077
Íslensk hlutabréf	12.790.086	22.374.910
Erlend hlutabréf	2.504.429	1.565.473
	<u>30.857.786</u>	<u>81.365.492</u>

Eigið fé

4. Breyting á eigin fé greinist þannig:

Eigið fé í ársbyrjun	91.335.151
Rekstrarafgangur ársins	<u>2.446.492</u>
Staða í árslok	<u>93.781.643</u>

Skýringar

Skattamál

5. Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti en greiðir fjármagnstekjuskatt af vöxtum og öðrum fjármunatekjum.

Annað

6. Stjórnarmenn þiggja ekki laun fyrir störf sín. Engir starfsmenn störfuðu fyrir sjóðinn á árinu.